

**AKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 12/2019****2020/EES/48/12****frá 8. febrúar 2019****um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar,
prófanir og vottun)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1477 frá 2. október 2018 um skilmála og skilyrði leyfis fyrir sæfivörum, sem innihalda etýlbútylasetýlamínprópiónat, sem Belgía lagði fram í samræmi við 36. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1479 frá 3. október 2018 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir súlfúrylflúoríði til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 ⁽²⁾.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 12zzzzzo (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1131) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„12zzzzzp. **32018 D 1477**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1477 frá 2. október 2018 um skilmála og skilyrði leyfis fyrir sæfivörum, sem innihalda etýlbútylasetýlamínprópiónat, sem Belgía lagði fram í samræmi við 36. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L 249, 4.10.2018, bls. 3).

12zzzzzq. **32018 D 1479**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1479 frá 3. október 2018 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir súlfúrylflúoríði til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 (Stjtið. ESB L 249, 4.10.2018, bls. 16).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvæðana (ESB) nr. 2018/1477 og (ESB) nr. 2018/1479, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. febrúar 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 249, 4.10.2018, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 249, 4.10.2018, bls. 16.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. febrúar 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.